

72 Ég leyfi mér, herra utanríkisráðherra,
13. ágúst að votta yður sérstaka virðingu mína.

(sign) Pétur Benediktsson.

Listi yfir íslenzkar útflutningsvörur
til Frakklands.

	Stykki	Verð í 1000 fr.
Saltaðar gærur ..	100 000 stykki	
Fiskur		60 000
Porskalýsi	300 smál.	
Silfurberg	10 kg	

Veillez apréer, Monsieur le Ministre,
les assurances de ma très haute con-
sidération.

(sign) Pétur Benediktsson.

Liste des exportations Islandaises
vers la France.

	Quantités mill. francs	Valeur en
Peaux de mountons salées		
	100 000 pièces	
Poissons		60 000
Huile de foie de morue ..	300 T.	
Spath d'Islande	10 kgs.	

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 13. ágúst 1946.

Ólafur Thors.

AUGLÝSING

um verzlunarsamning milli Íslands og Svíþjóðar.

Í þeim tilgangi að auka viðskipti milli Íslands og Svíþjóðar hefur eftirfarandi samningur verið gerður:

1. gr.

Sænska ríkisstjórnin leyfir útflutning til Íslands, og íslenska ríkisstjórnin leyfir innflutning á þeim vörum frá Svíþjóð, sem nefndar eru í meðfylgjandi skrá I.

2. gr.

Íslenska ríkisstjórnin leyfir útflutning til Svíþjóðar, og sænska stjórnin leyfir innflutning á þeim vörum frá Íslandi, sem nefndar eru í meðfylgjandi skrá II.

3. gr.

Skuldbindingar íslenzku og sænsku ríkisstjórnanna í 1. og 2. gr. hafa ekki í för með sér skyldu til að veita útflutnings- og innflutningsleyfi til fyrirtækja og einstaklinga, nema í samræmi við gildandi ákvæði hér að lútandi á Íslandi og í Svíþjóð. Viðkomandi íslensk og sænsk stjórnarvöld áskilja sér rétt til að taka einnig tillit til verðs varanna, þegar ákvörðun er tekin um innflutningsleyfisumsókn.

4. gr.

Báðar ríkisstjórnirnar munu, að svo miklu leyti sem hin innlenda vörubörf beggja landanna leyfir, greiða fyrir, eins og unnt er, innflutningsleyfi og útflutningsleyfi, einnig á öðrum vörum en því vörumagni og þeim vörutegundum, sem nefnt er í skrá I. og II.

5. gr.

Báðar ríkisstjórnirnar lýsa því yfir, að þær séu reiðubúnar gagnkvæmt að veita gjaldeyrisleyfi til greiðslu á þeim vörum, sem um er getið í þessum samningi.

6. gr.

Þessi samningur gengur í gildi eftir að sérstök bréfaskipti hafa farið fram milli íslenzku og sænsku ríkisstjórnanna, og gildir til og með 31. marz 1947. Þangað til

slík bréfaskipti hafa farið fram, skal samningurinn til bráðabirgða hagnýttur frá og með þeim degi, sem hann er undirritaður.

73

20. sept.

Gjört í Stokkhólmi í tveimur samhljóða eintökum á íslensku og sænsku.

18. maí 1946.

Fyrir Ísland:
Vilhj. Finsen (sign.)

Fyrir Svíþjóð:
Nils Stahlo (sign.)

Skrá I.

Vörutegund	Magn	Verð í s. krónum	Athugasemdir
Eldspýtur		200 000	Hér með eru ekki talin þau timburhús, sem pöntuð voru á síðastl. samningstímabili. Svo að unnt sé að flytja inn jafnmargar tunnur af síld. Aukning á þessu magni verður tekin til athugunar síðar.
Símast. og staurar til rafveitu	1 025 stds.		
Girðingastaurar	300 —		
Sagað og heflað timbur ...	1 875 —		
Timburhús	150		
Síldartunnur	75 000		
Pappi og pappír	4 000 lestir		
Viðarkolasteypujárn	125 —	100 000	
Stálblöndur		100 000	
Kanthal-efni	50 —		
Pípuhlutar (aducerade)			
Verkfæri og áhöld		500 000	
Hnífar og skæri		125 000	
Rakvélar, rakhnífar og rakbl.		20 000	
Kúlu- og keflisleg		500 000	
Bátamótorar		1 250 000	
Varahlutir í bátamótora smíðaða í Svíþjóð		40000	
Vélar til iðnaðar		275 000	
Landbúnaðarvélar		400 000	
Skilvindur og strokkar		250 000	
Saumavélar		125 000	
Þrjónavélar og hlutar í þær		90 000	
Kæliskápar og frystiskápar		100 000	
Þvotta- og strauvélar		30 000	
Síldarolíuskilvindur		500 000	
Vélar og tæki til raforkuvera og rafveitna		6 700 000	
Rafm. mótorar og tilh. efni ..		500 000	
Rafmagnsvélar til heimilisnotkunar, snældur og ryksugur		250 000	

Fyrirvari um pípukatla.

73
20. sept.

Vörutegund	Magn	Verð í s. krónum	Athugasemdir
Símaefni		1 500 000	
Reiðhjól og hlutar í reiðhjól		10 000	
Skip	8		{ Eftirstöðvar frá s. 1 samningstímabili.
Fiskibátar (úr eik) m/vélum og búnaði	30		{ Eftirstöðvar frá s. 1 samningstímabili.
Efni til vita		300 000	
Mælitæki		35 000	
Byssur og haglaskothylki ..		15 000	
Skrifstofuvélar		150 000	
Eldavélar		150 000	
Krossviður (plywood)	1 000 000 ferfet		{ Skilyrði fyrir aukningu á þessu magni verða tekin til athugunar síðar.
Wallboard (panel)	1 000 000 —		
Dyr og gluggar		250 000	
Ýmsar vörur		2 000 000	

Aths. Yfirleitt er fyrirvari settur um afgreiðslutíma.

Skrá II.

Vörutegund	Magn	Verð í s. krónum	Athugasemdir
Síld	125 000 tonn		
Harðfiskur	100 lestir		
Saltfiskur	200 —		{ Sænskt innflutningsleyfi háð athugun, þegar inn er flutt.
Þorskrogn	200 —		{ Svíar hafa áhuga á innflutningi 10 000 lesta með því skilyrði, að samkomulag náist um verð, að innflutningurinn geti átt sér stað án þess að dregið verði frá þeim kvóta fyrir aðrar feitihrávörur, sem Combined Food Board hefur úthlutað Svíum.
Síldarolia			{ Af hálfu Íslendinga hefur verið lýst yfir því, að þeir geti ekki nú sem stendur tekið afstöðu til þessarar óskar Svía.
Gærur og óunnin skinnavara af sauðfé	200 000 stk.		
Ull	200 lestir		

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 20. september 1946.

Ólafur Thors.